

Ed.

466. Frumvarp til laga

[152. mál]

um skyldu geðveikrahælisins á Kleppi til að taka við óðu fólki.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Þangað til sett hafa verið sérstök geðveikralög, svo sem mælt er í lögum nr. 54 frá 1932, skal geðveikrahælinu á Kleppi skylt að veita móttöku fólki, sem skyndilega brjálást og er að dómi héraðslæknis hættulegt umhverfi sínu eða ætla má að fari sér að voða.

Heimilt er sveitarstjórn að flytja slíkan sjúkling á geðveikrahælið, eftir að liðnir eru 2 sólarhringar frá því, að hælinu var tilkynnt með símskeyti eða á annan fullnægjandi hátt um komu sjúklingsins, og er hælinu skylt að annast hann að öllu leyti, þar til hann hefur náð þeim bata að dómi yfirlæknis hælisins, að hann þarfnist ekki slíkrar umönnunar lengur.

2. gr.

Kostnað við flutning þessara sjúklinga skal greiða að $\frac{1}{2}$ hlutum úr ríkissjóði, en að $\frac{1}{5}$ hluta úr viðkomandi sveitarsjóði. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn við dvöl þeirra á hælinu samkvæmt gildandi lögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á tveim síðustu þingum hefur að tilhlutan Sambands ísl. sveitarfélaga verið borið fram frumvarp til laga um öryrkjahæli, sem sveitarfélögin kæmu sér upp í sameiningu og rækju sameiginlega. Sýnt er nú, að það frumvarp nær ekki fram að ganga á þessu þingi.

Ein höfuðröksemdin, sem færð hefur verið fram fyrir nauðsyn öryrkjahælis sveitarfélaganna, er sú, að þeim sé þráfaldlega synjað um vist á geðveikrahælinu að Kleppi fyrir það fólk, sem skyndilega brjálást og engin tók eru á að varðveita, svo að öruggt sé, á heimilum eða í venjulegum sjúkrahúsum. Veldur þetta fólk sveitarfélögunum jafnan stórfelldum útgjöldum vegna gæzlu þeirrar, sem hafa verður á því dag og nótt, og eru tilfærð dæmi um það í greinargerðum þeim, sem fylgt hafa frumvarpi Sambands ísl. sveitarfélaga. En auk þessa gífurlega gæzlukostnaðar eru mörg önnur stórfelld óþægindi, einkum í smærri byggðarlögum, þar sem til engra þeirra yfirvalda er að leita, sem beinar skyldur hafa í þessum efnunum.

Þótt furðulegt megi teljast, er það svo, að engin ákvæði eru til í lögum um skyldu geðveikrahælis ríkisins til að taka við óðum sjúklingi og varðveita hann það tryggilega, að hvorki honum sjálfum né öðrum stafi lífshætta af sjúkdómi hans. Er nauðsynlegt að fá slíkt ákvæði tekið í lög, og er frumvarp þetta þess vegna flutt. Af samþykkt frumvarps þessa leiðir það óhjákvæmilega, að koma verður upp nokkrum klefum við sjúkrahúsið á Kleppi til geymslu á hinu óða fólki, meðan sjúkdómur þess er á því stigi, svo að jafnan sé hægt að taka við sjúklingum, sem þannig er ástatt um. Þann kostnað yrði ríkissjóður að bera, og getur hann tæpast orðið mikill samanborið við fjárútlát sveitarfélaganna í þessu efni.

Þegar geðveikralög verða samin, verður að sjálfsögðu rækilega um þetta atriði búið, svo að hér er aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða.

Rétt þykir, að ríkissjóður taki í sama kostnaðarhlutfalli þátt í flutningi óðs manns á geðveikrahæli eins og hann tekur að því er dvöl hans á hælinu snertir, því að flutningur þessa fólks er oftast mjög kostnaðarsamur. Það verður ekki flutt nema í gæzlu fleiri en eins manns, og margháttaður annar kostnaður er einnig óhjákvæmilegur, þegar svo stendur á.